



7. FUNDUR Í SVEITARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 10. febrúar 2015, kl. 17:00

Sveitarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 7. fundar þriðjudaginn 10. febrúar 2015 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Forseti sveitarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn S. Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) *Byggðaráðs frá 23. janúar 2015*
- b) *Byggðarráðs frá 29. janúar 2015*
- c) *Fræðslunefndar frá 4. febrúar 2015*
- d) *Skipulags-, umhverfis-, og umferðarnefndar frá 4. febrúar 2015*
- e) *Jafnréttisnefndar frá 5. febrúar 2015*
- f) *Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 4. febrúar 2015*

2. Lántaka

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) *Byggðaráðs frá 23. janúar 2015*

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Liður nr. 3 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Liður nr. 4 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b) *Byggðarráðs frá 29. janúar 2015*

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c) *Fræðslunefndar frá 4. febrúar 2015*

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi liður nr. 1 í fundargerðinni, þá hafa endurskoðaðar reglur leikskólans ekki borist sveitarstjórn og því ekki til afgreiðslu á fundinum. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



d) Skipulags-, umhverfis-, og umferðarnefndar frá 4. febrúar 2015

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Liður nr. 1 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum samhljóða. Liður nr. 2 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum, einn sat hjá. Liður nr. 4 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

e) Jafnréttisnefndar frá 5. febrúar 2015

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

f) Menningar-, tómstunda-, og íþróttanefndar frá 4. febrúar 2015

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Lántaka

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 40.000.000 kr. til 20 ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til endurfjármögnunar á afborgunum hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt: 161171-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundi slitið kl. 18:40.

Valgarður Himarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Sindri Páll Bjarnason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)